

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	13/10 2015
Málsnr:	1510190
Bréfál:	311.0



Bæjarstjórn Hafnarfjarðarbæjar,  
Haraldur L. Haraldsson,  
Strandgötu 6,  
220 Hafnarfjörður.

Reykjavík 08.10.2015

**Efni: Erindi íbúðalánasjóðs til sveitarstjórnar**

Við hjá Íbúðalánasjóði erum um þessar mundir að hafa samband við sveitarfélög þar sem sjóðurinn á fasteignir og bjóða þeim til viðræðna um að kaupa eignirnar af sjóðnum.

Tilgangur Íbúðalánasjóðs er m.a. að stuðla að því með lánveitingum að landsmenn geti búið við öryggi og jafnrétti í húsnæðismálum. Við viljum bjóða sveitarfélögunum til viðræðna um þann möguleika að kaupa eignir sjóðsins með það í huga að nýta þær t.d. fyrir félagsleg úrræði sveitarfélaga þar sem það á við. Sjóðurinn hefur að bjóða sérstök lánakjör fyrir sveitarfélögin vegna kaupa á húsnæði í félagslegum tilgangi.

Við gerum okkur grein fyrir að þörf sveitarfélaga er misjöfn en við viljum gjarnan ræða við sveitarfélögin um leiðir til að nýta eignirnar sem best.


Í sveitarfélaginu á Íbúðalánasjóður samtals 61 eign/ir og er nýting þetta með eftirfarandi hætti;

Í leigu ..... 46 eign/ir  
Í sölu ..... 14 eign/ir  
Í skráningu og annað ..... 1 eign/ir

Rétt er að taka fram að hér eru ekki meðtaldar þær eignir sem dótturfélag Íbúðalánasjóðs, Leigufélagið Klettur ehf. kann að eiga í sveitarfélaginu.

Vinsamlega hafið samband við Hildigunni Hauksdóttur aðstoðarmann forstjóra í síma 569-6900 eða með því að senda póst á netfangið [hildigunnur@ils.is](mailto:hildigunnur@ils.is) með það í huga að festa fundartíma.

Bestu kveðjur,



Hermann Jónasson, forstjóri